

Stefnumótunarfundur SSÍ

Stjórn Sundsambands Ísland boðar til stefnumótunarfundar sambandsins og aðildarfélaga þess laugardaginn 21. febrúar nk. frá kl. 9-15 í Egilshöll í Grafarvogi. Öllum aðildarfélögum SSÍ er boðin þátttaka á fundinum. Hvert félag hefur rétt á því að senda 2-3 aðila til fundarins og óskar SSÍ eftir því að einn af þeim sé þjálfari hjá félaginu. Félög eru beðin um að tilkynna þátttöku fyrir miðvikudaginn 18. febrúar til skrifstofu sambandsins.

Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að fundarmenn fá fyrirlestur um SVÓT greiningu með áherslu á rekstur íþróttahreyfingar og íþróttafélaga. Að honum loknum verður hópavinna þar sem blandað verður í hópa frá öllum félögum og munu hóparnir skila af sér tillögum í lok fundar.

Málefni sem unnið verður með í hópunum eru:

1. Mótastefna SSÍ

- a. farið yfir þá stefnu sem unnin var af stjórn SSÍ á síðasta sundári. Hún kynnt og sýnd hvernig vinna má eftir þeirri stefnu út frá atburðardagatali núverandi sundárs.
- b. hópurinn vinnur SVÓT greiningu á mótastefnunni og kemur með tillögum á því hvernig unnið verður fyrir næsta sundár.

2. Afreksstefna SSÍ

- a. uppeldi landsliðsmanna, hvernig á SSÍ að standa að því?
- b. unnið að tillögum að afreksstefnu fyrir sundmenn 13 ára og eldri
- c. hvernig hópa afreksmanna viljum við sjá?
- d. Hvernig landsliðshópa viljum við sjá og hver á þróunin að vera

3. Sjálfboðavinna

- a. hvernig getum við virkjað fólk til vinnu?

- b. hvað þarf til þess að fólk komi og leggi sitt af mörkum fyrir sund sem keppnisíþrótt?
- c. hvernig er hægt að umbuna þeim sem standa vaktina? Er það nauðsynlegt?
- d. á öll vinna SSÍ að vera launuð?
- e. er hægt að deila verkefnum SSÍ niður á félögin á Sundþingi og þau sinna þeim og bera ábyrgð á þeim á milli sundþinga
- f. Lokaniðurstaða verður svar við spurningunni: „Hvernig getur sjálfboðaliðastarf SSÍ blómstrað?“

4. Stuðningur SSÍ við aðildarfélög

- a. hvað vilja félög frá SSÍ?
- b. hvaða þjónustu vantar að SSÍ sinni?
- c. hvaða þjónusta sem SSÍ sinnir í dag er óþörf?
- d. hvert á hlutverk stjórnarmanna SSÍ sem vinna sem sjálfboðaliðar að vera gagnvart félögum?
- e. hvert á hlutverk launaðra starfsmanna SSÍ að vera gagnvart félögum?
- f. hvernig getur SSÍ staðið að frekari útbreiðslu á sundíþróttinni í samvinnu við félögin sem fyrir eru innan sambandsins?
- g. hvernig má fjölga félögum innan SSÍ?

Dagskrá fundarins:

8:00-9:00 Frítt í sund í Sundlaug Grafarvogs fyrir fundargesti

9:00-9:30 Morgunhressing í Egilshöll

9:30-9:45 Ávarp formanns SSÍ

9:45-10:30 Fyrirlestur Ragnars Þóris Guðgeirssonar um SVÓT greiningu og hvernig hægt er að nýta hana við rekstur íþróttahreyfingar/-félags

10:30-11:00 Kaffihlé

11:00-12:30 Hópavinna

12:30-13:15 Hádegismatur

13:15-14:30 Hópavinna

14:30-15:00 Samantekt og kynning á niðurstöðu hópavinnu

15:00 Fundarslit

19:30 Hittingur í mat og drykk á veitingastað út í bæ. Nánar auglýst síðar